

# FRÉTTABRÉF SSNE

FEBRÚAR

## 72 VERKEFNI HLUTU STYRK ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI

Í byrjun febrúar fór fram rafræn úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra þar sem 72 verkefni voru styrkt, en samtals var úthlutað 73,3 m.kr.

Tekinn hefur verið saman bæklingur með yfirliti yfir öll þau verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni.

**Bæklinginn má finna hér.**

Alls bárust 172 umsóknir og hafa aðeins einu sinni áður verið fleiri umsóknir í sjóðinn. Formaður úthlutunarnefndar Hilda Jana Gísladóttir hafði orð á því í erindi sínu á úthlutunarhátíðinni að vinna nefndarinnar hefði verið einstaklega erfið í ár og að óskandi hefði verið að meira fjármagn væri til úthlutunar.

Styrkirnir skiptast í,  
12 Stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar  
34 Menningarstyrki  
26 Atvinnu og nýsköpunarstyrki.

SSNE óskar öllum styrkþegum til hamingju um leið og við þökkum öllum umsækjendum fyrir sýndan áhuga og þá vinnu sem lögð var í umsóknargerðina alla.



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS EYSTRÁ

## GÓÐ MÆTING Á FRUMKVÖDLAHÁDEGI



SSNE í samstarfi við EIM & SSVN standa að vikulegum fræðsluerindum öll þriðjudagshátíð fram til 21. mars. Fræðsluerindin eru fyrir frumkvöðla og öll þau sem eru forvitin um nýsköpunarheiminn, enda mjög fjölbreytt efni sem fjallað er um.

Nú þegar hefur verið fjallað um allt frá gerð viðskiptaáætlana til mikilvægi sköpunarlegði.

Frumkvöðlahátíðin hófu göngu sína 24. janúar og hefur þátttaka verið mjög mikil og hafa yfir 160 manns skráð sig.

Erindin eru haldin á Teams kl. 12:00 alla þriðjudaga og er ráðgert að hvert erindi verði ekki lengra en 30 mínútur. Í kjölfar hvers erindis gefst hlustendum kostur á að spyrja spurninga.

Hægt er að skrá sig til leiks hér:

<https://www.ssne.is/is/moya/formbuilder/index/index/hadegisfraedsla>

# Það borgar sig að fylgjast með!

## Á heimasíðu SSNE má finna upplýsingar um umsóknarfresti í fjölbreytta sjóði

Atvinnuráðgjafar SSNE veita stuðning og ráðgjöf til frumkvöðla á öllum stigum nýsköpunar. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjámöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Hér er stiklað á stóru á þeim sjóðum sem eru opnir nú en fleiri umsóknarfresti má finna á [heimasíðu SSNE](#).

Bóka viðtal hjá ráðgjafa

## Viðburðalisti



Í DAG

**Umsóknarfrestur:  
Vinnuástaða fyrir frumkvöðla**

AkureyrarAkadémían auglýsir eftir umsóknnum um vinnuástöðu til að vinna að þróun nýsköpunar- og...



16. FEB

**Kynning á styrkjum  
Tækniþróunarsjóðs**

Fimmtudaginn 16. febrúar kl. 12:00.  
Kynning á styrkjum  
Tækniþróunarsjóðs Rannís - Dr...



21. FEB

**Frumkvöðlahádegis: Kraftur  
skapandi hugsunar**

SSNE í samstarfi við EIM & SSNV  
standa að vikulegum  
fræðsluerindum öll...



27. FEB

**Umsóknarfrestur: Rekstur  
félagsamtaka sem starfa á...**

Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið hefur opnað  
fyrir umsóknir um styrki til rekstr...





## HEIMSÓKN Á STÉTTINA

Forsætisráðherra mætti með fríðu föruneysi í morgunkaffi á Stéttina í kjördæmaviku og heilsaði upp þann fjölbreytta hóp sem þar starfar, meðal þeirra er starfsfólk SSNE.

Fram fóru líflegar umræður um bæjarlífið, uppbyggingu á svæðinu og áskoranir sem henni geta fylgt. Starfsfólk SSNE ræddi mikilvægi Sónaráætlunar svæðisins, kraftinum sem felst í uppbyggingarsjóði og verkefnunum sem úr honum koma, hversu öflugt umhverfisstarf fer fram á vegum SSNE, m.a. með frumvinnu við líforkuver, í úrgangsmálum og með Grænum skrefum sveitarfélaga. Samtalið var hið ánægjulegasta og gott að fá færi á að kynna starfsemi SSNE og gróskuna á Stéttinni fyrir ráðherra.



## MEGUM VIÐ KÍKJA Í HEIMSÓKN?

Starfsfólk SSNE vill gjarna kynnast starfandi fyrirtækjum á svæðinu betur og verður sérstök áhersla lögð á að heimsækja sveitarfélög, fólk og fyrirtæki á starfssvæðinu næstu mánuði.

Ef þitt fyrirtæki hefur áhuga á að fá fulltrúa SSNE í heimsókn máttu gjarna hafa samband með því að senda póst á netfangið [ssne@ssne.is](mailto:ssne@ssne.is) og við finnum tíma sem hentar.

## FJÓRTÁN VERKEFNI VALIN Á FJÁRFESTAHÁTÍÐ

Fjórtán verkefni hafa verið valin til þátttöku á Fjárfestahátíð Norðanáttar sem fer fram á Siglufirði þann 29. mars næstkomandi.

Þetta er í annað sinn sem Norðanátt stendur að hátíðinni en í ár var öllum landshlutum boðið að taka þátt og sóttu þrjátíu verkefni af öllu landinu um á Fjárfestahátíðina.

Kjarnastarfsemi Norðanáttar snýr að svokölluðum FEW-nexus eða matur- orka- vatn og þau verkefni sem taka þátt snerta öll á þessum áherslum með einum eða öðrum hætti. Umsóknir voru metnar út frá því hversu vel verkefni falla að áherslum hátíðarinnar og fjárfestatækifæri verkefnisins.

Verkefni sem munu taka þátt á Fjárfestahátíð Norðanáttar 2023 eru:

**Bambahús** - Úr drasli í nasl

**Biopol** - Ocean Gold

**EONE ehf.** - e1 sameinar allar hleðslustöðvar í eitt app fyrir rafbílinn þinn!

**Frostþurrkun ehf.** - Miðlægt frostþurrkunarver á Íslandi sem þjónustar fyrirtæki og framleiðir frostþurrkaðar afurðir úr íslenskum hráefnum

**Gefn** - Nýsköpun í grænni efnafræði

**GeoSilica Iceland** - GeoSilica framleiðir hágæða steinefni úr íslensku jarðhitavatni með byltingarkenndri framleiðsluáferð

**GreenBytes** - Reducing food waste and increasing profit in restaurants.

**Gull úr Grasi** - Tryggjum fóður og fæðuöryggi

**IceWind** - Vindtúrbínur fyrir öfgafullt veðurfar á norðurslóðum

**Kaja Organic** - Jurtamjólkur verksmiðja

**Melta** - Melta er ný closed-loop hringrásarþjónusta fyrir lífrænan heimilisúrgang\* sveitarfélaga á landsbyggðunum og framleiðsla á Meltu: gerjuðum lífrænum áburði

**Skógarplöntur ehf.** - Framleiðsla á skógarplöntum á nýjan hátt

**Vínland Vínkran** - Vínrækt, víngerð, veitingarstaður og vínmeðferða Spa

**YGG** - Yggdrasill Carbon þróar hágæða íslenskar vottaðar kolefniseiningar úr landnýtingarverkefnum

[Hér má finna frekari upplýsingar.](#)



# HVERS VEGNA GRÆN SKREF?

Æ meiri áhersla er lögð á umhverfis- og loftslagsmál innan SSNE, en meðal markmiða Sóknaráætlunar er að efla staðbundna þekkingu á umhverfis- og loftslagsmálum og að landshlutinn leggi sitt af mörkum til að ná markmiðum stjórnvalda um samdrátt í losun. Umhverfis- og loftslagsmál eru risastór og flókinn málaflokkur og kröfurnar aukast sífellt. Þegar verkefni eru stór og viðamikil vill það gerast að fólki fallist hendur frammi fyrir þeim; Hvar á að byrja? Hefur það sem við gerum eitthvað að segja? Til hvers er ætlast af okkur?

Grænu skrefin eru kerfi sem aðstoða við innleiðingu aðgerða sem stuðla að samdrætti í losun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi vinnustaða. Komin er góð reynsla á Græn skref í ríkisrekstri, en stofnunum ríkisins hefur staðið til boða að innleiða skrefin frá 2014 og frá og með 2019 varð verkefnið að skyldu fyrir alla ríkisaðila. SSNE eru fyrstu landshlutasamtökin sem bjóða sveitarfélögum sínum upp á aðstoð við að innleiða Grænu skrefin í skrifstofustarfsemi sína.

Með Grænum skrefum eru verkefni sem geta virst óyfirstíganleg í fyrstu bútuð niður í viðráðanlegar aðgerðir og smám saman byggist upp sterkt umhverfisstarf og umhverfisstjórnunarkerfi innan vinnustaðanna. Græn skref SSNE eru aðlöguð að starfsemi sveitarfélaga á minni stöðum og í dreifðari byggðum, auk þess sem þau taka mið af staðbundnum áherslum í Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Mikil áhersla er lögð á að aðstoða sveitarfélögin við að uppfylla lögbundnar skyldur í loftslagsmálum, en þær snúa helst að gerð loftslagsstefnu og aðgerðaráætlunar auk þess sem starfsfólk SSNE mun styðja við sveitarfélögin í utanumhaldi á grænu bókhaldi.

Okkur sem störfum hjá SSNE þykir óþarfi að hvert sveitarfélag þurfi að finna upp hjólið þegar kemur að því að innleiða umhverfis- og loftslagsstarf í starfsemi sína. Með því að stíga skrefin saman deilum við kröftum okkar, aukum hagkvæmni og byggjum um leið upp þekkingu innan hvers sveitarfélags.



## GRÆN SKREF



**MEIRA UM GRÆN SKREF OG UMHVERFISMÁL**



# ÞRJÚ VERKEFNI Á NORÐURLANDI HLUTU STYRK ÚR STEFNUMÓTANDI BYGGÐAÁÆTLUN

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra úthlutaði styrkjum að upphæð 130 milljónum króna til 12 verkefna á vegum sjö landshlutasamtaka sveitarfélaga. Styrkjunum er ætlað að efla byggðir landsins og er úthlutað til sértækra verkefna á sóknaráætlanasvæðum. Alls bárust 32 umsóknir um styrki að fjárhæð rúmar 857 m.kr. fyrir árið 2023.

Eftirfarandi verkefni fengu styrk á Norðurlandi eystra:

- Kostir í hitaveituvæðingu Grímseyjar. Fyrirhugað er að staðsetja vinnsluholu og endurmeta fyrri gögn. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) hljóta styrk að upphæð 4.300.000 kr.
- Gígur – uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir í Þingeyjarsveit. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra hljóta styrk að upphæð 2.250.000 kr.
- Straumhvörf – ný hringrás gesta um Austur- og Norðurland. Um er að ræða samstarf SSA, SSVN, SSNE, áfangastofa Norður- og Austurlands, Austurbrúar og Markaðsstofu Norðurlands um framkvæmd hönnunar- og vörusmiðju nýrrar hringrásar ferðamanna um Austur- og Norðurland í tengslum við beint millilandaflug á Egilsstaði og Akureyri. Samband sveitarfélaga á Austurlandi hljóta styrk að upphæð 15.650.000 kr.



Markmiðið með framlögunum er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun og færa heimafólki aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna. Áhersla er lögð á að styrkja svæði þar sem er langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Verkefni sem hljóta styrk skulu nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans, eða landshlutanum í heild. Íbúáprun, samsetning atvinnulífs og atvinnustig og meðaltekjur var meðal þess sem lagt til grundvallar við mat á umsóknum.

SSNE óskar þessum verkefnum innilega til hamingju með styrkinn.

## STAFRÆN VEGFERÐ FERÐAÞJÓNUSTU

Íslenski ferðaklasinn er hluti af Evrópuverkefninu TOURBIT sem hefur það hlutverk að hraða ferðaþjónustufyrirtækjum í gegnum hið stafræna ferðalag.

**Hægt verður að styðja við sjö fyrirtæki á Íslandi að andvirði 9.000 € hvert.**

Þessi hluti verkefnisins er unnin með stuðningi Ferðamálastofu og landshlutasamtakanna með samstarfi við áfangastaðastofur/markaðsstofur landshlutanna víða um land.

**Umsóknarfrestur er til 5. apríl**

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna [hér](#).



## LOKAFUNDUR Í GLÆÐUM GRÍMSEY

Lokaíbúafundur var haldinn í byggðapróunarverkefninu Glæðum Grímsey þann 14. febrúar sl. Þar með var komið að þeim tímamótum að Byggðastofnun dró sig formlega í hlé úr verkefninu. Undirbúningur verkefnisins hófst á árinu 2015 og íbúafundur var haldið í apríl 2016, en verkefnið hefur verið framlengt tvisvar sinnum. Það má með sanni segja að Grímseyingar hafi tekið höndum saman á verkefnistímanum og unnið að mörgum framfaramálum í eygni. Í upphafi verkefnis, á íbúafundi, var sett fram verkefnisáætlun ásamt framtíðarsýn sem hefur verið leiðarljósið á framkvæmdatímanum. Mörg frumkvæðisverkefni hafa verið styrkt á tímabilinu úr Frumkvæðissjóði Glæðum Grímsey. Samtals var um 55 milljónum veitt til 48 verkefna. Auk þeirra verkefna hafa verkefnisstjórar aðstoðað eyjarskeggja við að sækja um styrki til ýmissa uppbyggingarverkefna í aðra sjóði.

Þrír verkefnisstjórar hjá SSNE hafa haldið utan um verkefnið á tímabilinu, þær Helga Íris Ingólfssdóttir, Karen Nótt Halldórsdóttir og nú síðast, undanfarið eitt og hálf ár, Arna Björg Bjarnadóttir. Þeim eru öllum þökkúð góð störf í þágu samfélagsins í Grímsey.

Á fundinum fór Helga Harðardóttir, fulltrúi Brothættra byggða hjá Byggðastofnun yfir verkefni Brothættra byggða á landsvísu og speglaði verkefnið Glæðum Grímsey í þeirri umfjöllun. Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs hjá Byggðastofnun, þakkaði Grímseyingum fyrir virka og kraftmikla þátttöku í verkefninu og verkefnisstjórum og verkefnisstjórn fyrir þeirra þátttöku. Hún hvatti Grímseyinga til áframhaldandi samstöðu og virkni í að efla byggð og samfélag og lét þess getið að starfsfólk Byggðastofnunar myndi halda áfram að liðsinna þeim eftir bestu getu.

Því næst fór Arna Björg Bjarnadóttir yfir framvindu verkefnisins og hvað áunnist hefur til þessa. Halla Ingólfssdóttir, íbúi í Grímsey og styrkþegi, greindi frá því hvað stuðningur úr Frumkvæðissjóði Glæðum Grímsey hefur þýtt fyrir ferðapjónustuna í Grímsey. Fram kom á fundinum að þær María Helena Tryggvadóttir hjá Akureyrarbæ og Anna Lind Björnsdóttir hjá SSNE myndu í framhaldinu verða tengiliðir við Grímseyinga vegna málefna þeirra og aðstoða íbúa við að fylgja framfaraverkefnum eftir.



Íbúum var síðan skipt í umræðuhópa þar sem fyrir lá að ná fram viðhorfum íbúa til verkefnisins í heild, hvað hefði gengið vel, hvað hefði mátt betur fara og ekki síst hvernig íbúar sjá sjálfir fyrir sér að fylgja uppbyggingu í Grímsey. Skýrt kom fram í niðurstöðum umræðuhópanna að brýnustu mál eyjarskeggja eru aðgangur að sértæku aflamarki/byggðakvóta og að treysta innviðina, þar eru samgöngur og grunnavinnuvegurinn brýnustu málefni og jafnframt forsenda byggðar í eygni.

Í lok fundar þakkaði Halla Björk Reynisdóttir fundargestum fyrir góðan fund, íbúum fyrir virka þátttöku í verkefninu og verkefnisstjórum og verkefnisstjórn fyrir gott samstarf. Hún ítrekaði óskir um gott samstarf um málefni Grímseyjar hér eftir sem hingað til og hvatti íbúa til að nýta vel þann farveg sem tekur við eftir Byggðastofnun dregur sig í hlé úr verkefninu Glæðum Grímsey.

Samfélagið í Grímsey er sannarlega dýrmætt og ótrúlegt að upplifa kraftinn í fólkinu sem þar býr. Hver einstaklingur hefur gjarnan mörgum hlutverkum að sinna svo lífið í eygni gangi greiðlega fyrir sig og það mátti glögg sjá þessa dagsparta sem verkefnisstjórnin dvaldi í eygni. Megi kraftur íbúanna í Grímsey verða okkur hinum fyrirmynd!





## ÚTHLUTUN Á BAKKAFIRÐI

Prettán samfélagsefandi verkefni styrkt á Bakkafirði

Föstudaginn 3. febrúar fór fram úthlutun styrkja úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar fyrir árið 2023. Að þessu sinni var úthlutað 8.000.000 kr. úr verkefninu Betri Bakkafjörður til 13 samfélagsefandi verkefna en aldrei hafa fleiri umsóknir borist frá því verkefnið hófst. Auglýst var eftir umsóknum í nóvember sl. og bárust 24 umsóknir um styrki að upphæð 49,5 m.kr. Til úthlutunar er fjármagn að upphæð 7 m.kr. sem koma í gegnum verkefnið Brothættar byggðir fyrir árið 2023, en auk þess 1 m.kr. sem verkefnisstjórn hefur innkallað frá fyrri úthlutunum. Alls er því úthlutað 8.000.000 kr.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem hlutu styrki að þessu sinni. Verkefni til að mynda um sjósundskýli í Finnafirði, uppbyggingu á áfangastöðum í tengslum við fuglaskoðun, handverk og sölu þess, vetrarmarkaðsátak fyrir ferðapjónustu, og menningarhátíðir. Markmiðið með þessum verkefnum er að styrkja innviði samfélagsins við Bakkaflóa, skapa atvinnu og fjölga fólki á svæðinu í samræmi við stefnumótun fyrir verkefnið sem samþykkt var á íbúafundi haustið 2019. Verkefnið Brothættar byggðir miðar að viðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Enn fremur að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.

Við óskum styrkhöfum innilega til hamingju.



## ÁHERSLUVERKEFNI SÓKNARÁÆTLUNAR 2023

Á síðasta stjórnarfundum sínum ákvað stjórn SSNE að gera 18 verkefni að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra árið 2023. Um er að ræða mjög fjölbreytt verkefni sem öll eiga það sameiginlegt að styðja við Sóknaráætlun Norðurlands eystra og mun færa okkur nær þeim markmiðum sem þar koma fram. Heildarfjárhæð verkefnanna er 72.8 milljónir, sjá má nánari upplýsingar um verkefnið á heimasíðu SSNE.

[www.ssne.is](http://www.ssne.is)

## BÍÓ Á LAUGUM Í REYKJADAL

Þann 8. febrúar tók SSNE þátt í skemmtilegum viðburði með framhaldsskólunum á starfssvæðinu. Um var að ræða frumsýning á kynningarefni fyrir framhaldsskólana sem unnið hefur verið í samstarfi skólanna og SSNE. Styrkur fékkst úr sóknaráætlun Norðurlands eystra til að búa til efni fyrir sameiginlega kynningu skólanna. Mættir voru í bíó skólameistarar, tengiliðir í verkefninu, nemendur, starfsfólk SSNE og hluti af stjórn SSNE.

Skemmtileg stemming myndaðist í hópnum og allir glaðir með afraksturinn. Fljótlega munu allir landsmenn verða varir við afrakstur þessa skemmtilega samstarfs. Markmið verkefnisins var að sýna hve sterkt skólasvæðið er hér á SSNE svæðinu, allir skólarnir búa yfir sinni sérstöðu sem endurspeglast vel í myndefninu. Gaman var að sjá hvað krakkarnir sem tóku þátt voru stolt af skólunum sínum.



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS EYSTRÁ



## Ágrip frá framkvæmdastjóra



Undanfarinn mánuður hefur verið erilsamur hjá starfsfólki SSNE en meðal annars var haldinn lokafundur í verkefninu Glæðum Grímsey sem lesa má um hér að ofan. Þá var úthlutað úr Framkvæmdasjóði Betri Bakkafjarðar og úr Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Í báðum þessum verkefnum eru það heimamenn sem halda utan um framkvæmd og úthlutun, enda hægt að fullyrða að engir séu betur til þess fallnir að vita hvaða verkefni séu líkleg til að skila árangri fyrir svæðið. Það var mikið framfara skref þegar völd voru flutt heim í hérað og vonandi taka fleiri verkefni hins opinbera þetta skref í framtíðinni.

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að Sóknaráætlun okkar hér á Norðurlandi, en í Sóknaráætlunum landshlutanna felst stefnumótun hvers landshluta til framtíðar. Í Uppbyggingarsjóði er úthlutað þeim fjármunum sem innviðaráðuneyti og menningar- og viðskiptaráðuneyti koma með inn í Sóknaráætlun svæðisins. Það yrði enn betra fyrir verkefnið ef fleiri ráðuneyti sæju sér fært að koma að verkefninu og nýta þann faglega farveg sem Sóknaráætlun er orðinn enda mikil tækifæri til nýsköpunar og þróunar á öllum sviðum í landshlutanum. Jafnframt er ljóst að við, hér innan svæðisins, verðum að vera dugleg að vekja athygli á öllum þeim góðu verkefnum sem verða til fyrir tilstilli sjóðsins, en mörg þeirra hefðu einfaldlega ekki orðið að veruleika án fjármagns úr Uppbyggingarsjóði. Það ætlum við hjá SSNE allavega að vera.

Að lokum vil ég óska öllum styrkþegum til hamingju og megi verkefni þeirra ýta undir framgang svæðisins í heild.

Kær kveðja  
Albertína Friðbjörg